

## Persónuverndarstefna Veritas Capital ehf.

**Veritas Capital ehf.** er móðurfélag fyrirtækja í lyfja- og heilbrigðisgeiranum. Félagið er kjölfesta samstæðunnar og veitir þjónustu til dótturfyrirtækjanna svo þau geti einbeitt sér að kjarnastarfsemi sinni.

Veritas fylgir persónuverndarstefnu sem tekur mið af *löggjöf um persónuvernd sem taka á gildi í Evrópu 25. maí 2018.*

### Tilgangur

Persónuverndarstefna félagsins styður við samfelldan rekstur og er ætlað að tryggja hlítingu við lög og reglur sem varða starfsemina og verndun persónuupplýsinga, vinnslu þeirra, skráningu og aðgengi. Stefnan nær yfir söfnun okkar, notkun, birtingu, flutning og geymslu á hvers konar persónuupplýsingunum.

### Markmið

Veritas veitir starfsmönnum og viðskiptavinum sínum örugga og trausta þjónustu með því að:

- Kappkosta að hverskonar persónuupplýsingar sem Veritas safnar og vistar séu meðhöndlaðar samkvæmt lögum og reglugerðum um vernd persónulegra gagna þ.e. laga nr 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga með síðari breytingum sem og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2016/679 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga.
- Hámarka öryggi og réttlæika persónuupplýsinga sem varðveittar eru hjá fyrirtækinu.
- Starfsmenn og umsækjendur séu upplýstir um hvaða persónuupplýsingar um þá eru varðveittar, hvernig þær eru vistaðar, hver hafi aðgang að þeim og hvenær þeim verði eytt.
- Tryggja að viðbrögð við öryggisbrestum séu skv. lögum.

### Umfang

Persónuverndarstefna Veritas nær til viðskiptavina, starfsmanna og umsækjenda félagsins.

### Framkvæmd og ábyrgð

Forstjóri sér til þess að persónuverndarstefnunni sé framfylgt með því að setja markmið og reglur og tryggja viðeigandi rástafanir til að framfylgja þeim. Forstjóri getur falið stjórnendum eftirfylgni með tilteknum ákvörðunum og verklagsreglum.

Stefnan felur í sér skuldbindingu um stöðugar umbætur í meðferð persónuupplýsinga og skal tryggja að ávallt sé farið að lögum. Allir sem fara með og/eða hafa aðgang að hvers konar persónuupplýsingum skuldbinda sig til að fylgja reglum Veritas um meðferð persónuupplýsinga.

Aðilar sem brjóta gegn persónuverndarstefnu Veritas eiga yfir höfði sér áminningu í starfi, uppsögn eða að beitt verði viðeigandi lagalegum ráðstöfunum eftir eðli brots.

Ef þú hefur spurningar er varða persónuverndarstefnuna, hafðu samband við [personuvernd@veritas.is](mailto:personuvernd@veritas.is)

### Endurskoðun

Veritas endurskoðar þessa stefnu eins og tilefni er til en að lágmarki á tveggja ára fresti.

Garðabæ 25. maí 2018.

F.h. Veritas Capital ehf.

  
Hrund Rudolfsdóttir, Forstjóri